



# Skagfirska kirkjurannsóknin

Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir 2008



*Leifar hringlaga kirkjugarðs í landi Ýstamós. Garðurinn var aflagður á 15. öld*

**Guðný Zoëga**  
**Guðmundur St. Sigurðarson**  
**2009/91**



## Inngangur

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst formlega á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga í byrjun árs 2008 en rannsóknir á heimildum um elstu kirkjustaði hefur þó staðið yfir lengur. Rannsókninni er ætlað að skrásetja og kortleggja alla elstu kirkjustaði í héraðinu og er þá leitað fanga í ýmsum heimildum. Farið hefur verið ítarlega í gegn um Íslenskt fornbréfasafn, leitað í örnefnaskráum að vísbendingum um mannvirki og munnmæli tengdum kirkjum og kirkjugörðum auk þess sem stuðst er við fjölmargar yngri ritheimildir og frásagnir heimildamanna. Ætlunin er að gera fornleifakannanir á stöðum sem ætlað er að kirkjur/kirkjugarðar hafi staðið í elstu tíð og er þá sérstök áhersla lögð á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist þeirra.

Á eftir heimildavinnunni er næsta skref rannsóknarinnar vettvangsferðir og skráning fornleifa á þeim jörðum sem um ræðir. Nú þegar hafa tólf jarðir verið skráðar í tengslum við verkefnið og er unnið að úrvinnslu þeirra gagna. Auk hefðbundinnar yfirborðsskráningar fornleifa hefur einnig verið stuðst við jarðsjármælingar og er það gert í samstarfi við teymi bandarískra sérfræðinga sem hafa til nokkurra ára stundað jarðsjármælingar á jarðlægum fornleifum auk uppgrftar í Skagafirði. Auk þess fer fram í tengslum við verkefnið gerð landupplýsingagrunns þar sem skrásettar eru uppmælingar fornleifa, staðsetning jarða og fornþýla, landamerki, sóknarmörk og aðrar upplýsingar sem koma að gangi við úrvinnslu rannsóknargagna.

Sumarið 2008 fór svo fram, með tilstilli framlags frá fjárlaganefnd Alþingis og styrks frá Fornleifasjóði, þriggja vikna fornleifauppgröftur á þremur þeirra staða sem skráðir hafa verið. Um er að ræða jörðina Skíðastaði í Laxárdal en þar eru til munnmæli um kirkju/bænhús og þar komu upp mannabein á sjöunda áratug 20. aldar. Steinstaði í Tungusveit sem hvergi er nefndur sem kirkjustaður í heimildum en þar kom óvænt upp forn grafreitir við rafveituframkvæmdir á níunda áratugnum. Keflavík á Hegranesi er svo þriðji staðurinn en þar eru óljósar vísbendingar úr Fornbréfasafni um mögulegt bænhús. Alls voru teknir 16 könnunarskurðir og var unnt að staðfesta tilvist tveggja kirkjugarða úr frumkristni, á Skíðastöðum og Steinstöðum en í Keflavík fundust leifar bæjarstæðisins sem kirkjan hefði mögulega tilheyrt. Ætlunin er að fara yfir það bæjarstæði frekar með jarðsjármælingum sumarið 2009 til að kanna hvort hægt er að staðsetja þar kirkjugarð eða kirkjubyggingu.

Rannsóknin er gerð í samstarfi við aðrar fornleifarannsóknir innan héraðs og má þar nefna rannsóknir tengdar ritun Byggðasögu Skagafjarðar, Hólarannsóknina og fyrrnefnda jarðsjárrannsókn. Einnig tengist hún doktorsverkefni verkefnisstjóra við Oslóarháskóla sem fjallar um elstu kirkjugarða og þær upplýsingar sem fá má við rannsóknir mannabeina úr þeim.

## Skíðastaðir í Laxárdal



*Yfirlitsmynd af gamla kirkjugarðinum á Skíðastöðum – núverandi bæjarhús í baksýn. Tekið við vettvangsferð sumarið 2007. Ljós. GZ.*

### Söguágrip

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709-1713 segir „Bænhús hefur hjer að fornu verið, er þó af fallið fyrir manna minni, sjest þó enn deili til kirkjugarðsleifa“. <sup>1</sup> Elstu heimildir um kirkju eru frá 1388 en þá var þar fjórðungskirkja. <sup>2</sup> Í heimildum frá 1443<sup>3</sup> er svo getið um bænhús þar. Í sóknarlýsingu séra Björns Arnþórssonar 1840 segir hann að fyrst hafi kirkja verið reist á Skíðastöðum og flutt þaðan að Atlastöðum og þaðan í Hvamm. Bein hafa fundist við framkvæmdir í túni og er hringlaga garður á brekkubrún ofan núverandi bæjarstæðis.<sup>4</sup>

---


<sup>1</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709-1713*. 9. bindi. 1930. Kaupmannahöfn, bls. 25.

<sup>2</sup> DI. Íslenskt fornbréfasafn III, 1896. Bls. 426. Í jarðaskiptabréfi. Skipti gerð á Hellulandi og Ásgrímsstöðum á Hegranesi fyrir Skíðastaði. Í bréfinu er Skíðastadakirkja ýmist kölluð fjórðungskirkja eða bænhús.

<sup>3</sup> Íslenskt fornbréfasafn IV, 1897. Bls. 643.

<sup>4</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla*, 1954. Akureyri.

**Skíðastaðir í Laxárdal, Skagafirði**  
Yfirlitsmynd yfir kirkjugarð  
Teikn: GZ.




### Fornleifarannsókn 2008

Alls voru teknir fimm könnunarskurðir í meintan kirkjugarðsvegg og svæðið innan hans sumarið 2008. Garðbrotið liggur í hálfhring á um 20m löngum kafla syðst á melbrún ofan brekku sem liggur ofan (sunnan) núverandi íbúðarhúss. Hann rennur svo inn í túngarðsbrot sem er austast á hólnum en garðurinn virðist eldri en túngarðurinn.



## Skíðastaðir í Laxárdal

Snið í kirkjugarðsvegg 05.08.2008  
Teikn. GZ.



### Skurður 1 - Kirkjugarðsveggur

Skurður 1 var tekinn í gegn um garðbrot sem liggur í boga syðst og frammi á brekkubrún ofan (austan) núverandi bæjarhúsa. Sökum lögunar garðsins og þess að bein höfðu fundist við framkvæmdir norðan hann, var garðlagið talið líklegt til að tilheyra því bænhúsi eða fjórðungkirkju sem getið er í heimildum. Skurðurinn var tveggja metra langur, 70cm breiður og um 40-50cm djúpur. Í botni skurðar var komið niður á mel með grófri jökulmöl.

Fyrir miðju skurðar komu fram leifar torfveggjar sem hefur hrunið eða verið rutt til norðurs. Í torfinu voru stórar linsur af hvítri gjósku sem greind var til Heklugoss frá 1104 og er mjög áberandi á svæðinu. Engin önnur gjóska var greinanleg í torfinu. Gjóskan er í þykkum linsum, allt upp í 5cm að þykkt sem bendir til að torfið hafi verið tekið skömmu eftir að gjóskan féll. Engin merki voru um að garðurinn hafi verið endurbyggður, hvorki fyrir eða eftir torfhleðsluna með 1104 gjóskunni.

Garðurinn hefur verið hlaðinn nánast beint ofan á jökulmel í dálitlum halla til suðurs. Ofan garðsins, upp að grasrót var um 10cm þykkt óhreyft fokmoldarlag og var ekki að sjá að gjóska hefði fallið yfir garðinn. Hinsvegar lá dökkgráleit gjóska á um 20cm dýpi sitt hvoru megin garðs og virðist henni halla upp á við, sem gæti bent til að hún hafi fallið upp að garðinum, mögulega eftir að garðurinn hefur verið fallinn.

### **Skurðir 2, 3 og 4:**

*Skurður 2* var tekinn um 20m norðan skurðar 1, á sléttu svæði utan þeirra tóftaleifa sem greinanlegar eru á melnum. Við fyrstu skóflustungu var komið niður á torf og hætt við skurðinn þar sem ekki var ætlunin að grafa í gegn um byggingaleifar.

*Skurður 3* lá um 10m norðaustan við skurð 1 og var hann tekinn í mishæðir innan garðs sem taldar voru geta tilheyrt einhverjum byggingum enda kom þegar í ljós leifar veggjatorfs og var skurðinum lokað.

*Skurður 4* var svæði um 2x2m sem tekið var um 3m norðan við skurð 1. Ætlunin var að freista þess að finna grafir innan garðs. Í skurðinum kom hinsvegar einungis fram um 10cm þykkt moldarlag ofan á jökulmöl. Í nyrðri enda skurðar komu svo leifar skurðar fyrir rafstreng sem liggur niður að núverandi íbúðarhúsi.

### **Skurður 5 - gröf:**

Skurður 5 var tekinn fast norðan fjárhústóftar um 20m norður af skurði 1 í kirkjugarsvegginn. Grafið var í gegn um 40cm þykkt lag af torfi sem ekki virtist veggjatorf heldur rótuð uppfylling af einhverju tagi, líklega til að slétta garðinn og auðvelda gröft í hann. Undir þessu lagi komu svo fram útlínur grafar. Torflagið innihélt þykkar linsur af 1104 gjóskunni og virðist gröfin hafa verið tekin í gegn um það.

Gröfin lá austur-vestur og var um 1,5m að lengd um 45cm

breið við höfuðenda og fótendi 35cm breiður. Hún var um 80cm að dýpt. Áðurnefnt torflag sem lagt hefur verið í garðinn til að slétta hann er allt að 90cm að þykkt og kom gröfin fram á 40cm dýpi. Fyllingin í gröfinni var sambland af áðurnefndri torflagi með ljósu 1104 gjóskunni og grófri jökulmöl, líkri því sem að finna má í melnum sjálfum. Gröfin hefur verið tekin í gegn um áðurnefnda uppfyllingu á 50cm djúpum kafla en í gegn um 30cm af jökulmöl í botninn.




*Yfirborð grafar í skurði 5.*



*Beinagrind ungrar konu fannst við uppgröftinn. Hún var svo illa farin að beinin voru ekki tekin upp. Ljósm. GZ.*

Neðst í gröfinni kom fram beinagrind. Hún var í slæmu ásigkomulagi og má líklega kenna því um að hún lá beint ofan á grófri jökulmöl og fyllingin í gröfinni innihélt einnig mikla mól þannig að hún hefur verið bæði gróf og mikið farg. Beinagrindin var hreinsuð en varðveisla beina var á þann veg að ekki þótti borga sig að taka þau upp. Hinsvegar voru þau rannsökuð eins og hægt var á staðnum og reyndist um að ræða beinagrind ungrar konu.



Sýni verða send úr beinagrindinni til að fá einhverja hugmynd um aldur grafarinnar en það var ekkert sem benti til efri aldursmarka. Hinsvegar kom gjóska frá 1300 fram óhreyfð yfir hluta garðs í könnunarskurði og vera má að kirkjugarðurinn hafi verið aflagður þá þó svo að bænhús hafi staðið a.m.k. fram á 15. öld.

#### ***Niðurstöður:***

Fundur beinagrindarinnar staðfestir að kristinn kirkjugarður hafi verið á Skíðastöðum, en kirkjunni hefur síðar verið breytt í bænhús. Fjórðungskirkja er sögð á Skíðastöðum á síðari hluta 14. aldar en þar er bænhús á 15. öld. Grafið hefur verið við kirkjuna á a.m.k. 12. öld en vísbendingar eru um að kirkjugarðsveggurinn kunni að hafa verið hruninn þegar að gjóskan féll um 1300.



Líklegt er að aldur garðsins sé 11.-13. öld en þó fundust engar vísbendingar um gröft þar fyrir 1104. Ekki fundust merki um að hann hafi verið endurbyggður þannig að vera kann að hann hafi verið hlaðinn löngu eftir að kirkjugarðurinn hefur verið tekinn í notkun ellegar að hann hafi verið stækkaður. Sé hálf hringlaga garðlagið kirkjugarðsveggur má reikna með að svæðið innan garðs hafi verið um 20x20m. Gröfin hefur því verið norðarlega í garðinum og gæti því verið ein af seinustu gröfunum í garðinum sé reiknað með því að kirkjan hafi staðið fyrir miðju garðs og að fyrst hafi verið grafið upp við hana. Því mætti ætla að fullgrafið hafi verið í garðinn en skortur á gröfum í könnunarskurðum syðst í garðinum bendir þó til annars. Ljóst er að þegar Heklugjóskan frá 1104 féll hefur sáralítill jarðvegur verið til staðar á melnum sem kirkjugarðurinn liggur á og lítill náttúrulegur jarðvegur til að grafa í. Vísbendingar eru um að jarðvegur hafi verið flutt að til uppfyllingar í garðinn. Sá jarðvegur inniheldur töluvert af 1104 gjóskunni og því virðist sem að fyllt hafi verði í garðinn eftir að kirkjugarðveggurinn var hlaðinn. Miðað við fyllinguna sem var í gröfinni má ætla að grafið hafi verið allt að 30-50cm niður í melinn og hefur garðurinn því verið æði torgræfur.

## Steinstaðir í Tungusveit



*Steinstaðir í Tungusveit. Leifar forns kirkjugarðs fundust við hvítu tengistöðina við rafveituframkvæmdir 1994. Gamla bæjarstæði Steinstaðabæjarins til vinstri á mynd. Ljósm. GZ.*

### **Sögulegt yfirlit.**


Steinstaðir í Tungusveit er landnámsjörð, þar bjó Hreiðar Ófeigsson landnámsmaður.<sup>5</sup> Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, er getið um Steinstaði ytri og Steinstaði syðri, en þá er um sömu jörðina að ræða með jarðdýrleika 30 hundruð.<sup>6</sup> Bærinn að Steinstöðum er nú tóftir einar, hann var byggður í kringum 1860, endurbyggður um 1893. Á Steinstöðum var búið allt fram til 1943, en þá fór bærinn í eyði.<sup>7</sup>

Árið 1995 komu upp mannabein þegar verið var að leggja rafmagnsleiðslu að sumarbústað í landi Steinstaða. Fornleifafræðingur frá Þjóðminjasafni Íslands kom á staðinn og staðfesti að um fornan kristinn grafreit var að ræða en frekari rannsókn var ekki gerð á staðnum. Engar ritaðar heimildir eru til um grafreit eða kirkju á Steinstöðum sem benti til fyrnsku þessara minja. Sumarið 2008 fór fram fornleifakönnun til að staðfesta að um kirkjugarð væri að ræða og til að reyna að fá fram frekari aldur hans.

<sup>5</sup> *Íslendingasögur og þættir II*, 1987. Bls. 1062.

<sup>6</sup> *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1709-1713. 9. bindi. 1930. Kaupmannahöfn, bls. 137-138.

<sup>7</sup> Katrín Gunnarsdóttir: *Steinstaðir í Skagafirði. Fornleifaskráning*. Bygðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrsluröð, nr. 2000/4.




## Fornleifarannsókn 2008

### *Skurður 1*

Teknir voru þrjár könnunarskurðir á Steinstöðum. Sá fyrsti var tekinn vestan heimreiðar að sumarbústað sem liggur um 200m norðvestan gamla bæjarstæðisins og um 20m vestan við spennistöð sem liggur rétt austan heimreiðarinnar. Þegar undir yfirborði kom fram hryggjaliður úr manni og nokkur mannabeinabrot. Hinsvegar voru þar engar heillegar grafir enda hafði verið grafið þar fyrir vatns- og rafleiðslum og svæðið því mjög rótað. Ekki var grafið frekar þar.

### *Skurður 2 – grafir, snið, stoðarhola*

Annar könnunarskurður tekinn austan vegar um 15m norðvestur af spennistöðinni. Þar var farið í gegn um 30cm þykkun óhreyfðan jarðveg áður en að komið var niður á óhreyfða gráleita gjósku, líklega gjósku úr Heklu sem féll um 1300. Neðan hennar var síðan um 10cm þykkt rótað mannvistarlag sem í voru torfleifar, ljósir gjóskuflekkir, móaska og koladreif. Ekki var að sjá ummerki mannvirkja af neinu tagi heldur virtist þarna um að ræða rótaðan jarðveg einhversstaðar í nágrenni mannbústaðar. Neðan þessa lags lá svo óhreyfð hvít gjóska, Heklugjóska sem féll 1104. Undir þessu lagi voru svo aftur 2-3cm af rótuðu mannvistarlagi en neðst í því komu svo fram útlínur grafar.



Gröfin var á yfirborði um 160cm að lengd og 20-40cm breið og var augljóslega um gröf fullorðins einstaklings að ræða. Hún lá austur-vestur og var breiðari í vesturendann. Um 1m austan hennar komu svo fram ummerki smárrar grafar, um 60cm langrar, greinilega ungbarnagrafar.

Grafið var niður í báðar grafirnar. Á um 80cm dýpi í smærri gröfinni komu fram leifar beinagrindar ungbarns en hún var mjög illa varðveitt og var ekki hróflað frekar við henni. Í stærri gröfinni kom svo fram beinagrind, einnig á um 80cm dýpi. Beinagrindin reyndist af fullorðnum karlmanni og var hún mjög vel varðveitt. Hreinsað var frá beinunum og þau tekin upp.


Greinanlegt var í báðum grafanna að þar hafði verið grafið í gegn um íveruhús, líklegast leifar skálans sem þarna hefur staðið á Landnámsöld. Grafirnar hafa verið teknar í gegn um þak- og veggjatorf og gólfskán allt niður á jökulleir neðan óhreyfðrar gulleittrar forsögulegar Heklugjósku.

### Gröf 1

Lengd grafar 1 fvar á yfirborði 1.63 en í botni var hún um 185cm og lá um 20cm innundir yfirborð grafarinnar til austurs. Gröfin var 37cm breið í höfuðenda en 24cm í fótenda og breiðust í miðjunni, um 42cm, botn grafarinnar var nokkru breiðari en yfirborðið og um 80cm hafa voru niður á botn grafarinnar frá yfirborði. Fylling grafarinnar samanstóð af rótudu torfi, móösku, brenndum og óbrenndum beinum. Í henni var að finna torf með flygsum úr Landnámslaginu og gulri forsögulegri gjósku. Þetta skýrist af því að gröfin var tekin í gegn um þykk rusla- og mannvistarlög. Heklugjóskan frá 1104 lá um 3cm ofan við topp grafarinnar og óhreyfð fokmold á milli. Gröfin lá austur vestur. Í botni hennar lá svo beinagrind fullorðins einstaklings og snéri höfuð í austur. Í vesturenda grafarinnar var



greinilegur niðurgroftur með rótaðri fyllingu, etv. endi á annarri gröf. Ofan á þessari fyllingu, við höfuðenda grafar 1 var svo steinn sem vera kann að hafi merkt gröfina.



Líkið hefur verið lagt á bakið með fótleggi samsíða. Höfuð hefur verið skorðað af með rauðleitu torfi en einnig voru líkt og dökkar lífrænar leifar undir og yfir beinagrindinni, etv. leifar líkklæðis. Líkið hefur ekki verið grafið í kistu. Höfuð hefur vitað fram á brjóstið en vinstri handleggur legið niður með síðu og eilítið boginn inn yfir lífbeinið. Hægri handleggur hefur legið yfir neðri hluta kviðar og nokkru hærra og var jarðvegur undir handleggjabeinunum. Handarbeinin lágu hinsvegar laus undir leggjunum í mjaðmagrindinni. Engin merki fundust um grip eða annað sem skýrt gæti hvers vegna handleggurinn hefur legið upp á við. Beinagrindin reyndist af rosksnum karlmanni og var hún fjarlægð úr gröfinni til frekari rannsóknar.




Yfirborð grafar 2.

## Gröf 2

Gröf tvö lá austur-vestur, var 60cm löng og 30cm breið, jafnbreið í höfuð og fótenda. Líkt og gröf 1 var hún um 80cm á dýpt. Fyllingin í gröfinni var líkt og í gröf 1 rótað torf, bein, kol og móaska. Neðst í gröfinni var komið niður á leifar ungbarnabeinagrindar. Höfuð hefur legið í vesturenda en beinin voru annars of illa farin til að hægt væri að ákvarða nánar um legu líksins. Fyllt var upp í gröfina án þess að bein væru fjarlægð úr henni. Ofan grafarinnar var óhreyfð fokmold um 5cm þykkt fokmoldarlag upp að Heklu 1300 gjóskunni en jarðvegi virðist hafa verið mokað burtu á svæðinu sem gröfin lá. Engin merki 1104 gjóskunnar var að finna í grafarfyllingunni og er gröfin líklega frá því áður en að það gjóskulag féll.

## Steinstaðir í Tungusveit 01.08.2008

Hluti norðursniðs grafar 1



### Norðursnið í gröf 1:


Í báðum grafanna sem fundust austan heimreiðarinnar kom í ljós að þær höfðu verið teknar í gegn um þykk mannvistarlæg þar á meðal gólf sem úr íveruhúsi, líklega skálabyggingu. Teiknað var norðursnið grafar 1, gröf fullorðins karlmanns sem lá fast austan vegarins. Undir grasrót er um 30cm lag af óhreyfðri fokmold [2] og í henni lágu in situ gjóskulögin Hekla 1300 (á 8-10cm dýpi) og Hekla 1104 (á 20-25cm dýpi). Um 3cm af óhreyfðri fokmold lá á milli H1104 og yfirborðs grafarinnar en 5cm voru niður á mannvistarleifar sem gröfin var tekin í. Ekki var að finna eiginlegt gólfslag í sniðinu en greinilegt er að grafið hefur verið niður í forsögulegt gjóskulag (H3) og liggja mannvistarlögin dýpra austanvert í skurðinum. Merki um þennan niðurgröft er einnig að finna í suðursniði. Um 30cm þykkt rótað torf- og mannvistarlag [5] liggur þvert yfir sniðið en því hallar til austurs og það rétt um 15cm austast í sniðinu. Svo virðist sem lagskiptara torf [4] hafi verið lagt ofan á þessa lægð en vera kann að torf hafi verið lagt yfir svæðið til að slétta það út áður en farið var að grafa í garðinn. Merki um þetta torflag var einnig að finna í gröf 2. Í vesturenda sniðs, undir rótaða torflaginu lá um 5cm þykk linsa af kolum og ösku og smásteinum [6] sem þykknar vestast í gröfinni og verður um 20cm þykk, líklega einhverskonar ruslslag. Þetta lag sást ekki í suðursniði og var of grófkornótt og sundurlaust til að vera gólfslag.

Gjóskan frá 1104 liggur in situ yfir gröfinni en engin merki eru um að hún liggi upp yfir upphækkanir eða ójöfnur og virðist sem að gröfin hafi verið nokkuð slétt á yfirborði þegar lagið féll. Það sama má segja um svæðið allt að engar misfellur virðast vera þegar að 1104 lagið féll. Ofan 1104 en undir 1300 mátti greina mannvist [3], lítilsháttar dreif af kolum og móösku, líklega áfok. Undir 1104 og kirkjugarðsleifanna virðist fokmoldin hrein og laus við mannvistarleifar.

## Norðursnið í gröf 2

01.08.08

Teikn: GZ




### Norðursnið í gröf 2:

Í gröf 2 kom fram að hún hefur verið grafin í gegn um þétt móösku- og kolalag [7] sem túlkað var sem gólf í einhverskonar íveruhúsi. Gólfagið liggur um 10cm ofan forsögulega gjósku (H3) liggur. Lagið er þétt og um 5-10cm á þykkt. Efra byrði er bleikt móöskulag en neðra byrði er svart kolalag. Ofan lagsins er um 20cm þykkt rótað mannvistarlag [5], torfflekkir, kol, brennd og óbrennd bein, H3 LnL, mjög rótað, lagið var túlkað sem mögulegar leifar þekju. Ofan þess er um 10-15cm þykkt lag [4] úr lagskiptu rauðleitu torfi eða uppfyllingarefni sem einnig mátti greina í sniði í gröf 1. Lagið er með rauðleitu mýrarrauða og gráum linsum af jökulmöl. Einnig eru í þessu uppfyllingarlagi linsur af grágrænleitu gjóskulagi, líklega Landnámslaginu. Ofan á uppfyllingarluginu var 5-10cm þykkt rótað lag [3] og ofan þess um 5cm þykkt fokmoldarlag [1] upp í Heklu 1300 gjóskuna.

Ekki var hægt að greina Heklu 1104 í sniðinu en svo virðist sem jarðvegi hafi verið mokað í burtu úr þessu horni uppgraftarsvæðisins enda liggur H1300 gjóskan mun styttra ofan mannvistarlaganna en við gröf 1. Hinsvegar er ekki að finna leifar 1104 gjóskunnar í fyllingu grafarinnar þannig að hún hefur líklega verið tekin áður en það lag féll (líkt og gröf 1).

### Stoðarhola/holur (?):



Um 70cm sunnan grafar 2 kom fram grjóthlaðin stoðarhola og leifar niðurgrafinnar stoðar. Þar sem ekki var ætlunin að grafa í byggingar var einungis hreinsað ofan af steinunum og þeir teiknaðir upp. Stoðin sjálf hefur verið um 18cm að ummáli og voru enn víðarleifar greinanlegar í holunni. Hleðslan umhverfis holuna er um 50cm að þvermáli og umhverfis hana á þrjá vegu var hægt að greina feitt blandað gráleitt og bleikt jarðlag, etv. mjög þunnar leifar gólflags. Um 10cm vestan stoðarholunnar lá þetta jarðlag út úr sniðinu á um 40m löngum kafla til norður í beinni línu líkt og að það hafi legið upp að vegg sem legið hefur norður-suður. Norðan og austan stoðarholunnar var þetta lag slitróttara. Hinsvegar lá meint gólflag

skálabyggingarinnar nokkru neðar í sniði. Engin merki voru um torfveggi og stoðarholan og gólfleifarnar liggja beint undir 2cm fokmoldarlagi sem liggur milli holunnar og gjóskunnar frá 1104. Óvíst er hvort að stoðarholan hefur tilheyrt íveruhúsinu sem grafirnar eru teknar í eða byggingu sem verið hefur innan garðs, etv. kirkjunnar. Þær slitru af gólflagi sem lágu umhverfis holuna benda fremur til íveruhúss en einnig má vera að stoðarholan sé tekin ofan í gamalt gólflag. Um 30cm norður af gröf 1 lágu 3 flatir smásteinar út úr sniðinu sem vera kann að séu merki annarrar stoðarholu. Ef holurnar tilheyrja skálabyggingunni þá hefur hún legið norður-suður.

### Skurður 3:



Horft til austurs eftir skurði 3. Greinileg er einföld grjótröð sem legið hefur utanvert í veggnum en um metra þykkur torfveggur hefur legið sunnan raðarinnar.




Skurður 3 var svo tekinn um fjórum metrum norðan við grafirnar tvær til að freista þess að finna útlínur kirkjugarðsveggjarins. Strax undir grasrót var komið niður á leifar veggjar. Veggurinn hefur legið austur-vestur og samanstóð af einfaldri grjótröð á um fjögurra metra löngum kafla. Innan hennar var um 1.m þykkur torfbunki úr rauðleitu mýrartorfi. Flekkir af 1104 gjóskunni voru syðst í skurðinum en óvíst er hvort að hún hefur verið í torfinu sjálfu eða legið ofan þess. Við austurenda hleðslunnar var komið niður á samsafn óbrenndra dýrabeina og sprunginna steina, ef til vill leifar soðholu eða eldstæðis. Enga gjósku var að finna yfir þessum vegg og greinilegt er að hann hefur að mestu horfið við sléttun. Grjótröðin bendir til að um undirstöðu veggjar sé að ræða. Ekki verður fullyrt hvort um er að ræða kirkjugarðsvegginn eða jafnvel hluta þess húss sem leifar fundust af í gröfunum en hafi hann verið hlaðinn eða a.m.k. endurhlaðinn eftir að 1104 gjóskan féll hefur hann ekki tilheyrt skálanum.


### ***Niðurstöður:***

Ljóst er að snemma hefur verið búið á Steinstöðum. Vísbendingar voru um að kirkjugarðurinn hafi verið settur niður ofan á skálabyggingu sem annaðhvort hefur verið fallin eða rutt um til að koma garðinum fyrir. Miðað við afstöðu gjóskulaga hefur skálinn verið í notkun á 10. öld sem rímar vel við heimildir Landnámu. Farið hefur verið að grafa í garðinn snemma á 11. öld, jafnvel fyrr en vísbendingar eru um að hluti kirkjugarðsins hafi verið aflagður eða sléttður nokkru áður en að 1104 gjóskan féll. Stoðarholan sem lá rétt sunnan grafar 1 getur verið hluti kirkjubyggingar en samskonar niðurgrafnar stoðir fundust í kirkjunni sem grafin var í kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi. Þar sem líkindi voru til annarrar stoðarholu er hinsvegar ekki óvarlegt að áætla að þær hafi tilheyrt skálabyggingunni. Hvort sem stoðarholurnar hafa verið í skálabyggingunni eða hluti kirkjubyggingar er ljóst að gjóskan frá 1104 lá óhreyfð ofan á holunum og hefur byggingin líklega verið aflögð einhvern tímann áður en sú gjóska féll. Óljós merki mannvistar var að finna milli 1104 og 1300 bendir til að mannbústaður hafi verið í nágrenninu en eru of óveruleg til þess að þarna hafi bæjarstæðið sjálft verið. Hinsvegar voru lítil merki um mannvist að finna undir 1104 gjóskunni ofan við kirkjugarðinn sjálfan. Spurning er hvort að byggð hefur lagst af á Steinstöðum um einhvern tímann á 11. öld eða að bærinn hafi verið færður úr stað.

**Steinstaðir í Tungusveit**  
**Yfirlitsmynd yfir skurði 2 og 3**  
Teikn. GZ



50cm 100cm 200cm



## Keflavík í Hegranesi



*Mynd sem sýnir túngarð sem umlukið hefur 11. aldar bæinn í Keflavík. Garðurinn er aðeins vel greinanlegur um það bil sem frost er að hverfa úr jörðu.*

Keflavíkur er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar á dögum Jóns biskups skalla Eiríkssonar, frá árinu 1374, þar sem fram kemur að stóllinn eigi með Keflavík öll fjöru gögn.<sup>8</sup> Í afriti sem talið er frá 1386 kemur það sama fram.<sup>9</sup> Þá er Keflavík í ráðsmannsreikningi Hólastaðar frá 1388 þar sem tilgreindar eru byggingar á jörðum staðarins, sem eru þá metnar á fjögur hdr. og 1/8 í vaðmálum í Keflavík.<sup>10</sup> Sama ár eru sögð fjögur ásauðar kúgildi og fjórar kýr í Keflavík.<sup>11</sup> Aftur kemur jörðin fyrir í ráðsmannsreikningi Hólastóls ári síðar (1389) þar sem greint er frá viðartillagi til jarða Hólastóls og eru Keflavík ætlaðir þar tveir hestar.<sup>12</sup> Í máldaga Péturs biskups Nikulásssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá 1394 og síðar er minnst á Keflavík í máldaga Sjávarborgar.<sup>13</sup> Þar sem fram kemur að Sjávarborgar prestur tekur hálfa mörk fyrir að þjónusta kirkjuna í Keflavík.<sup>14</sup> Er það eina heimildin sem til er um bænhús eða

---

<sup>8</sup> DI III: 278

<sup>9</sup> DI III: 283

<sup>10</sup> DI III: 408

<sup>11</sup> DI III: 413

<sup>12</sup> DI III: 429

<sup>13</sup> Er líklega frá 1399 sbr. DI III: 509

<sup>14</sup> DI III: 530


kirkju á jörðinni. Í skrá um kúgildi með jörðum Hólastaðar frá árinu 1449 kemur fram að kúgildi séu fimm á jörðinni og leiga 2 ½ hdr.<sup>15</sup>

Gamla bæjarstæði Keflavíkurbæjar liggur efst í brekku vestan Keflavíkursunds. Núverandi bæjarstæði liggur austan sundsins og var fært þangað 1979. Á gamla bæjarstæðinu stendur enn steipt íbúðarhús en gamli torfbærinn lá rétt norðan þess (Þórey Jónsdóttir, munnleg heimild. 24.06.2008). Búið er að slétta úr bæjarhólnum og engar fornar mínjar sýnilegar þar.

### Forn byggð í Keflavík

Svo virðist sem heimildir tilgreini fjóra staði utan við gamla bæjarstæðið sem möguleg býli. Árni Magnússon og Páll Vídalín tilgreina þrjá staði í jarðabók sinni 1709-1713. Eitt mögulegt býli nefna þeir Vík og segja utarlega í landi Keflavíkur, auk þess segja þeir tvö þræla- eða þrælsgerði í landinu þar sem merki eru um fornar tóftir og vallargarða en þeir telja ekki geta hafa verið raunveruleg býli vegna smæðar túnanna.<sup>16</sup>

Í örnefnaskrám eru gefin upp nöfnin Grænagerði eða Grænakot, Þrælagerði, Litla-Keflavík og ónefnt fornt bæjarstæði Keflavíkur út við sjó, sem sagt fjórir staðir. Nöfn þessara tófta eru að vísu nokkuð á reiki, Grænagerði segir Sigurður á Kárastöðum vera fyrir sunnan og austan Tröllaskarð.<sup>17</sup> Grænakot eða Grænagerði á samkvæmt núverandi ábúendum að hafa verið í túni sem liggur fast norðan heimatúnsins. Þar eru hinsvegar engar rústir sýnilegar á yfirborði enda sléttað tún. Litla-Keflavík er talið eiga við um tóftir sem eru sunnan við nýja íbúðarhúsið í svokölluðum Krika (samkvæmt núverandi ábúendum). Þrælagerði virðist eiga við um tóftir og vallargarð sem eru ofan brekkubrúnar suðvestan við gamla íbúðarhúsið.



<sup>15</sup> DI V: 36

<sup>16</sup> JÁM IX: 63


<sup>17</sup> Örnefnaskrá Keflavíkur: 1



# Elsta bæjarstæði Keflavíkur

## Yfirlit yfir könnunarskurði

Teikn.: GZ



### Fornleifarannsókn 2008

Vorið 2008 komu fram merki um fornan túngarð og byggingaleifar þegar frost var að fara úr túnum austan við þar sem að bærinn stóð seinast (þ.e.a.s. áður en hann var fluttur á núverandi stað). Einnig var kunnugt um fjögur önnur fornbýli eða möguleg bæjarstæði. Rannsókn sumarsins 2008 miðaði að því að finna aldur á þessum minjum og, ef mögulegt væri, að finna og staðsetja kirkjugarð tengdan bænhúsi því sem virðist hafa verið í Keflavík á síðari hluta 14. aldar.

### Könnunarskurðir innan túns:


Alls voru teknir fimm könnunarskurðir í fornan óljósan túngarð í túninu og svæðið innan hans.

## Skurður 1

Fyrsti skurðurinn var tekinn í meint garðlag norðarlega í heimatúni Keflavíkurbæjar. Skurðurinn var fjórir metrar á lengd og 1m á breidd. Dýpt hans var aðeins um 40cm þar sem að mjög jarðgrunnt er á svæðinu. Í skurðinum komu fram leifar torfs sem í var hvíta Heklugjóskan frá 1104 en torfið var of niðurbrotið og óverulegt til að hægt væri að sjá á því nokkurt form. Skurðinum var því lokað aftur án þess að hann væri teiknaður upp.

## Skurður 2

Vestursnið í túngarðsvegg  
Keflavík, Hegranesi 12.07.2008



## Skurður 2

Skurður 2 var tekinn í sunnanverðan útflattan og fornlegan túngarðsvegg sem liggur í boga suður fyrir mitt Keflavíkurtún. Skurðurinn var 1,2m á lengd og um 70cm á breidd. Hann var 80cm djúpur. Vestursnið hans var teiknað upp. Efst undir grasrót var 10-20cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [2] og mátti greina efst í því gráleita gjósku sem greind var sem Hekla 1300 og um 5cm neðan hennar lá óhreyfð Hekla 1104. Um 5cm af óhreyfðri fokmold lá niður frá 1104 ofan á efsta hluta torfhlaðins túngarðsveggjar [4]. Veggurinn var enn vel stæðilegur um 50cm á hæð. Torfið í honum var með mjög þykkum linsum af gulri forsögulegri gjósku, H3. Til suðurs frá garðinum lá um 40cm þykkt torflag [3] sem virtist vera hrun úr veggnum. Neðan þess var svo greinilegur niðurgroftur [5] ofan í óhreyft. Í niðurgroftinum var mjög rótaður jarðvegur með flekkjum af torfi og H3 gjóskunni. Líklega hefur efni í garðinn verið að hluta tekið við útbrún hans.

## Skurður 3

Skurður 3 var tekinn rétt norðan greinilegustu tóftarinnar innan túngarðsins, sem lá norðarlega innan hans í sléttu túni. Hann á norður-suður og var 1m á lengd og um 50cm á breidd. Um 5cm undir grasrót var komið niður á H1104 óhreyfða og um 5-7cm undir henni

komu fram mannvistarleifar. Gerð var um 20cm djúp hola í suðurenda skurðar og var augljóst að um lagskipt torf væri að ræða, líklega vegg í byggingu. Í torfinu var nokkuð af kolum og mögulegar leifar gjalls. Þar sem ekki var ætlunin að grafa í mannvirki önnur en kirkjugarða eða garðlög var skurðurinn ekki stækkaður frekar.



*Skurður 3. Lagskipt torf með nokkru af kolaleifum kom fram undir 1104.*



#### **Skurður 4**

Skurður 4 var tekinn í sléttað tún um 10m suðaustur af mögulegri skálatóft. Hann lá norður-suður og var um metri á lengd og 40cm á breidd. Í skurðinum kom í ljós, líkt og víðar, H1104 um 5cm undir grasrót. Um 3cm undir henni komu svo fram mannvistarleifar, og um 10cm breið hola, mögulega stóðarhola. Efst í holunni lá heill beinprjónn sem var tekinn en ekki var grafið frekar í holuna. Líkt og í skurði 3 var tekinn um 20cm djúp hola í suðurenda skurðar og var greinilega um að ræða lagskipt veggjatorf. Leifar dýrabeina og annarrar mannvistar var í skurðinum og því mögulega um einhverskonar íveruhús að ræða. Ekki var grafið frekar á þessum stað.



## Skurður 5


Skurður 5 var tekinn syðst í hringlaga hólmyndun suðaustarlega í hinu forna Keflavíkurtúni. Undir grasrót var 20-40cm þykkt fokmoldarlag [2] og fyrir því miðju lá óhreyfð Heklugjóska 1104. Um 15cm voru frá grasrót niður á efsta hluta torfveggjar [4] en hann var allt að 50cm hár og um 70cm breiður í grunninn. Í honum voru leifar H3 gjóskunnar en engin önnur gjóska var greinanleg. Garðurinn (veggurinn) hefur legið nálega austur-vestur. Undir honum var niðurgröftur [5] og í honum samskonar torf og í garðinum sjálfum en miklu rótaðra. Til beggja hliða frá garðinum og upp á hann lá svo þykkt móösku og kolalag [3]. Mögulega er um að ræða ruslaleifar tengdar járngerð eða smíðum en ekki var grafið frekar til norðurs þar sem að frekari leifar smiðjunnar hefðu þá líklega legið. Vegna hinna umfangsmiklu mannvistarleifa var ekki grafið frekar í skurðinn.






### Keflavík í Hegranesi

Vestursnið í mögulegan kirkjugarðsvegg


14.08.2008

Teikn. GZ



- |   |                                    |  |   |
|---|------------------------------------|--|---|
|    | 1. Grasrót                         |   | 4. Torfveggur með H3  |
|   | 2. Fokmold                         |  | 5. Niðurgröftur með samskonar torfi og í veggnum en rótaðra |
|  | 3. Þykkur bunki af móösku og kolum |  |   |

Mögulegt fornbylí vestan Keflavíkurbæjar  
Yfirlitsteikning  
Teikn.: GZ



## Könnunarskurður í mögulegt fornbylí

Í örnefnaskrá Keflavíkur (bls. 2) er örnefnið Þrælagerði haft yfir leifar fornbylís í vestur frá túninu. Í jarðabók Árna og Páls (nr. 9 bls. 63) er getið tveggja girðinga í túni og þær nefndar þrælagerði. Ekki er þó getið hvar í landareigninni þau liggja.

Leifar túngarðs og tófta er að finna í móa handan klettaáss vestur af eldra íbúðarhúsinu í Keflavík, um 560m vestur af núverandi íbúðarhúsi. Túngarðurinn liggur umhverfis smá tóftaupphækkun og a.m.k. tvær tóftir. Syðri tóftin er nokkuð yngri,



etv. stekkjartóft. Nyrðri tóftin virðist frá sama tíma og garðurinn. Garðurinn er mjög greinilegur að norðan frá Klapparbrúninni til vesturs á um 40m kafla þá beygir hann til suðvesturs og er greinilegur á um 30m kafla en veður mjög óljós neðst (vestast) í mýrarsundi. Að sunnanverðu virðist garðurinn vera hluti upphlaðins vegar sem nær u.þ.b. frá akveginum neðan (austan við skarðið) upp og yfir sjálft skarðið og áfram til vesturs alls um 200m langur. Óljóst er hvort þessi upphlaðni vegur er eldri eða yngri en garðurinn og þá hvort hann kemur yfir garðinn að sunnanverðu eða hvort þeir hafa getið legið hlið við hlið garðurinn og vegurinn.

Svæðið innan garðs er um 100m frá austri til vesturs og um 60m frá norðri til suðurs.


### Skurður 1



Tekinn var könnunarskurður í túngarðinn og borkjarnar í tóftirnar. Töluvert jarðvegsrof hefur verið á svæðinu og var torfið í túngarðinum mjög niðurbrotið og erfitt að gera sér grein fyrir aldri. Torfið í garðinum var með mikið af gulleitri forsögulegri gjósku (H3) en nokkrir ljósari flekkir geta bent til að í honum sé að finna slitrur úr 1104 gjóskunni. Slíkt verður þó ekki fullyrt. H1104 sást ekki yfir garðinum né heldur gjóskan H1300. Engar vísbendingar var að finna um H1300 gjóskuna í torfinu sem kann að benda til að garðurinn sé frá því áður en sú gjóska féll.

Allar minjar á svæðinu eru mjög hlaupnar í þúfur og hefur nokkur jarðvegseyðing átt sér þar stað. Víst er að minjarnar eru nokkuð fornar en ekki var hægt að tímasetja þær nánar.

**Yfirlitsteikning af fornbylí austan  
núverandi Keflavíkurbæjar**  
Teikn.:GZ



**Könnunarskurðir í fornbylí  
suðaustan Keflavíkurbæjar.**

Um 80m sunnan og suðaustan núverandi íbúðarhúss liggur jarðsokkinn túngarður utan um óglöggar tóftir. Mögulega er um að ræða annað þeirra tveggja þrælsgerða sem getið er í jarðabók Árna og Páls einnig kann að vera að um sé að ræða fornbylíð Litlu-Keflavík sem getið er í örnefnaskrá.<sup>18</sup>

Túngarður liggur í hring vestanvert í melbrún suðaustan núverandi íbúðarhúss. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og gróinn að hluta. Hæstur þar sem hann liggur til suðurs niður í mýrina sunnan við íbúðarhúsið. Þar hverfur hann svo á nokkrum kafla en birtist svo aftur í þurrlendismóa austan

mýrarinnar. Garðurinn er lyngi vaxinn á þeim kafla sem sést að suðaustanverðu. Hann er um metri þar sem hann er breiðastur og um 30cm á hæð. Suðaustarlega við innanverðan garðinn er tóft og mögulega leifar ógleggri veggjaleifa. Tveir könnunarskurðir voru teknir í sitt hvorn hluta garðsins.

**Skurður 1**

Könnunarskurður 1 var tekinn í vesturhluta garðsins þar sem hann var hvað greinilegastur. Skurðurinn var rétt um 60cm langur og um 40cm breiður og um metri á dýpt. Í honum kom í ljós mjög greinilegt veggjatorf sem í voru stórar linsur af gjóskunni frá 1104 auk flekkja af H3. Ekki var hægt að greina að garðurinn hafi nokkru sinni verið endurbyggður. Engin gjóska fannst heldur yfir garðinum. Þar sem 1104 gjóskan er jafn augljós og raun ber vitni en engin merki voru um 1300 gjóskuna má leiða að því líkum að garðurinn hafi verið reistur fyrir þann tíma, etv. á fyrri hluta 12. aldar.



<sup>18</sup> Örnefnaskrá Keflavíkur, bls. 1.

## Skurður 2

Annar skurður var tekinn í eystri hluta túngarðsins til að freista þess að fá nákvæmari aldurgsgreiningu. Hann var 1m á lengd, 50cm á breidd og 80cm djúpur. Segja má að skurðurinn hafi verið nánast eins og skurður 1. Torfið í garðlaginu innihélt lítið eitt af H3 gjóskunni en þykkan linsur af 1104. Engin merki voru um H1300 hvorki í torfi né yfir því. Garðurinn hefur á þessum parti hrunið til vesturs.



## Könnunarskurður í meint fornbylí

Ekki fundust heldur leifar fornbylís úti við svokallaða Vík yst í Keflavíkurlandi eða annarsstaðar úti við ströndina eins og vísbendingar eru um í jarðabókinni og örnefnaskrá. Grafið var í ójöfnu sem talin var mögulegt garðlag en engin merki um hleðslu fundust heldur vísbendingar um mikið áfok og jarðvegseyðingu. Einnig var kannað snið í sjóbúð/stekk vestast í Víkinni sem sjórinn brýtur af. Þar eru greinilega menjar um mannvist, móaska, kol og aðrar mannvistarleifar en fyrst hefur verið byggt þarna eftir 1300 en gjóska úr Heklugosi fannst í torfinu.

## Niðurstöður:

Fornleifarannsóknir fóru fram í Keflavík sumarið 2008 en með þeim var leitast við að finna kirkjuna/bænhúsið sem heimildir benda til að hafi staðið þar, auk þess sem ætlunin var að aldursgreina mögulegar leifar fornbyla innan landareignarinnar. Könnunin leiddi í ljós umfangsmiklar minjar í sléttuðu túni milli eldri og yngri Keflavíkurbæjanna. Þar eru merki um býli sem virðist aflagt á 11. öld etv. þegar á 10. öld. og er þar vísast um að ræða merki fyrstu byggðar á jörðinni. Engin merki kirkju eða kirkjugarðs fundust hinsvegar.

Í núverandi túni voru teknir nokkrir litlir könnunarskurðir i fornan túngarð og á nokkrum stöðum innan hans og var þar allsstaðar komið niður á miklar mannvistarleifar. Ekki fundust hinsvegar ummerki garðs eða leifar bænhússins sem þarna á að hafa staðið. Allar mannvistarleifarnar lágu undir Heklugjóskunni frá 1104 sem bendir til að bæjarstæðið hafi verið aflagt fyrir þann tíma etv. nokkru áður þar sem að nokkurra sentímetra óhreyft fokmoldarlag liggur ofan minjanna og 1104 gjóskunnar.

Könnunarskurðir á tveimur fornbylanna gáfu til kynna að þau hefðu verið byggð eftir 1104. Annað þeirra liggur á ási vestan bæjarins en staðsetning og túnsmað kunna að benda til að þar hafi ekki verið stundaður eiginlegur búskapur. Hitt túngerðið liggur rétt sunnan núverandi íbúðarhúss og er töluvert umfangsmeira og kann að vera merki um tvíbýli á jörðinni ellegar að bæjarstæðið sjálft hafi staðið þarna í einhvernum tíma. Á hvorugu þessara meintu byla fundust staðfestar leifar mannaabústaða. Þar virðast ekki eins mikil umsvif og á bæjarstæðinu sjálfu sem, ásamt staðsetningu þeirra bendir til að um sé að ræða afbýli fremur en flutning bæjarstæðisins. Ekki er því óvarlegt að álykta að bæjarstæðið hafi verið flutt ofar í landið, þar sem gamli bærinn var allt fram á 20. öld. Vísbendingar eru um að bænhús hafi gjarnan ef ekki oftast verið stofnuð þar sem fyrir voru smærri heimiliskirkjur eða kapellur úr frumkristni

og líklegt er að grafið hafi verið við þær margar, eða jafnvel flestar þeirra í frumkristni. Sé það einnig svo í Keflavík má vera að leifar fyrstu kirkju/kirkjugarðs sé að finna innan forna túngarðsins. Þó kann einnig að vera að kirkjan hafi frá upphafi staðið á gamla bæjarstæðinu sem líklega hefur verið komið í notkun þegar á 11. öld.



## Frekari rannsóknir



*Hringlaga kirkjugarður á Ystamó í Flókadal – aflagður líklega nokkru fyrir 1461.*


Mögulegir kirkjustaðir voru skoðaðir í tengslum við kirkjuverkefnið síðastliðið sumar með það að augnamiði að velja frekari staði til rannsókna. Voru það jarðirnar Gil, Holtsmúli, Stóra-Seyla, Ystimór, Stóru-Reykir og Bræðrá. Á Gili og Ystamó er enn að finna hringlaga leifar kirkjugarða og því liggur nokkuð ljóst fyrir hvaða svæði skulu rannsökuð þar. Mannabeinafundur er eina heimildin um kirkjugarð á Holtsmúla og engin merki er að sjá þar á yfirborði. Ekki fundust ummerki um kirkjugarða á Stóru-Reykjum og Bræðrá en á síðarnefnda bænum er örnefni sem bendir til kirkjugarðs. Þar mun að líkindum fara fram jarðsjármæling sumarið 2009. Slík mæling var gerð á svokölluðum Kirkjuhóli á Stóru-Seylu og kom þar fram hringlaga garðlag, áþekkt að lögun og stærð og aðrir kirkjugarðar sem skoðaðir hafa verið frá elstu tíð. Elsta heimild um kirkju á Seylu er í Íslendingabók Sturlungu þar sem sagt er að Oddur riddari hafi verið grafinn „undir kirkjugarðinum, - en þó var engi gröftr at þeirri kirkju -, ok svá langt undir kirkjugarðinn.“<sup>19</sup> Í máldaga Auðuns Þorbergssonar biskups um Geldingaholtskirkju 1318 er sagt að Geldingaholtsprestur eigi að þjóna á Seylu fyrir fjórar merkur,<sup>20</sup> sem er vísbending um að þar hafi verið hálfkirkja þá. Árið 1713 var þar

<sup>19</sup> Sturlunga saga I, 1946. Bls. 516.

<sup>20</sup> DI Íslenzkt fornbréfasafn III, 1896. Bls. 467.


enn bænhús „og tíðir veittar af prestinum í Glaumbæ“.<sup>21</sup> Ekki var vitað um nákvæma staðsetningu garðsins enda oftsinnis verið byggt ofan í hann og seinast stóð þar skemma.

Garðurinn fannst með notkun svokallaðrar “Ground Penetrating Radar” jarðsjármælingu og er ætlunin að rannsaka hann frekar með könnunarrannsókn sumarið 2009. Jarðsjármælingarnar eru í samstarfi við Bandaríska rannsóknaraðila sem hafa stundað jarðsjármælingar í Skagafirði um árabíl.



*Jarðsjármyndir sem sýna útlínur hringlaga kirkjugarðsveggjar á jörðinni Seylu. Birt með leyfi SASS.*

Mögulegar kirkju- og kirkjugarðsleifar á Gili í Sauðárhreppi



<sup>21</sup> Jarðabók, 1930. Bls. 90.

## Heimildakrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók. Níunda bindi*. Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

*Íslendingasögur og þættir II*, 1987. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.) Reykjavík. Svart á hvítu. Bls. 1062.

*Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415*. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)

*Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449*. Kaupmannahöfn, 1907. (DI IV)

*Íslenzkt fornbréfasafn V. 1330-1476*. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902. (DI V)

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn, 1847. (JJ)

Katrín Gunnarsdóttir: *Steinsstaðir í Skagafirði. Fornleifaskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga, rannsóknarskýrsluröð, nr. 2000/4.

*Sturlunga saga I* (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstj.). Reykjavík. Sturlungaútgáfan.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla*, 1954. Akureyri.

## **Niðurlag**

Rannsóknir sumarsins 2008 staðfestu tilvist tveggja fornra kirkjugarða, Á Steinstöðum og Skíðastöðum og landnámsbæjar, þó ekki kirkjugarðs, í Keflavík í Hegranesi. Aðeins er um að ræða upphaf viðameiri rannsókna á öllum kirkjustöðum héraðsins og munu þrír staðir til viðbótar verða kannaðir sumarið 2009. Ekki er þó ætlunin að kanna með fornleifauppgreftri aðra kirkjugarða en þá sem hafa verið aflagðir fyrir 1300. Rannsóknin hefur þegar fært okkur mikla vitneskju um skipulag, staðsetningu og tilvist elstu greftrunarminja úr frumkristni.

Sé tekið tillit til þess magns upplýsinga sem að kom fram á fyrsta ári rannsóknarinnar má ætla að rannsóknin eigi enn frekar eftir að verða uppspretta nýrrar vitneskju sem nýtast mun ýmsum fræðasviðum.





**Byggðasafn Skagfirðinga**  
**2009**